

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

Veðurstofa Íslands



16032754

551.57848  
Haf

S N J Ó F L Ó Ð Á V E S T F J Ö R Ð U M

S N J Ó F L Ó Ð A S K R Á R

Hafliði Helgi Jónsson

551.57848  
Haf

Veðurstofa Íslands  
Janúar 1983

Inngangsorð:

Annálar snjóflóða á Íslandi ná allt aftur á 12. öld (1, 2, 3, 4). Í þeim eru snjóflóð á öllu landinu skráð í tímaröð til ársins 1972, en eftir það í blandaðri tíma- og landshlutaröð. Fyrri formið er ákaflega óhentugt fyrir hvern þann sem einungis hefur áhuga á snjóflóðum og snjóflóðahættu í ákveðnum landshluta því hann verður að lesa allar skrárnar til þess að komast yfir þau tiltölulega fáu tilvik sem hann varða. Nauðsynlegt er að gera snjóflóðakort fyrir hvern landshluta, eins og reyndar er þegar byrjað (3). Ennfremur þarf að rannsaka samhengi snjóflóða og veðurs í hverjum landshluta. Væri því sennilega ýmsum gagnlegt að hafa landshlutaskrár yfir snjóflóð til reiðu.

- Slíkar landshlutaskrár eru birtar hér fyrir firði og héruð á Vestfjörðum (mynd 1). eru þær unnar upp úr áður nefndum annálum til ársins 1980. Í þessum skrár er lögð áhersla á að fram komi staðsetningar snjóflóða og tímasetningar, tjón af völdum þeirra og allar þær vísbendingar sem finna má í annálum um stærð þeirra og gerð. Sem viðbótarupplýsingar eru svo upp teknar landslagslýsingar og gófari snjóflóðafrásagnir. Mannanöfnum er sleppt, svo og öllum atriðum sem ekki varða snjóflóðin beint.

Mörg snjóflóðaslys hafa orðið á Vestfjörðum í gegnum aldirnar, og þar með eitt hið mesta sem sögur fara af á Íslandi. Varð það 20 manns að bana í Hnífsdal árið 1910. Mynd 2 sýnir fjölda snjóflóðaslysa á Vestfjörðum í 800 ár, samkvæmt rituðum heimildum. Vafalaust eru heimildir frá fyrri öldum glöppóttar og ekki nærri allra getið sem lent hafa í snjóflóðum, en samkvæmt skránum hafa a.m.k. 179 manns lent í snjóflóðum, og þar af rúmlega helmingur, eða 90 manns, látið lífið. Sé þeim sem látist hafa skipt í annars vegar ferðamenn, þ.e. menn sem látist hafa fjarri byggð á ferðalögum eða í fjallgöngum, og hins vegar þá sem látist hafa á byggðum bóllum, þá skiptast þessir 90 nánast til helminga, í 46 ferðamenn og 44 úr síðarnefnda hópnum.

Línuritið á mynd 2 sem sýnir fjölda látinna ferðamanna stígur nokkuð jafnt síðustu 200 árin, sem þýðir að nokkuð svipaður fjöldi fólks ferst á þann hátt frá einu 50 ára tímabili til annars. Hlutfall ferðamanna af samanlögðum fjölda látinna fer á sama tímabili ört lækkandi, en hlutfall hinna sem farast í byggð að sama skapi hækkandi. Þetta bendir eindregið til þess, að byggð og athafnasvæði fólks hafi í vaxandi mæli þanist út í snjóflóðafarvegi. Kemur þetta enn betur í ljós á mynd 3 sem sýnir fjölda skaðasnjóflóða (þ.e. snjóflóða sem valda tjóni á byggðum bóllum, útihúsum, túnnum og þ.h., að undanskildum girðingum raflínu- og símastaurum) á 50 ára tímabilum. Þótt

skrárnar séu gloppóttar má gera ráð fyrir að síðustu tvær aldir a.m.k. geri annálar snjóflóðasköðum allrækileg skil. Ef ennfremur má reikna með að tíðni snjóflóða breytist lítið frá einu 50 ára tímabili til annars, þá er eina skýringin á hinni öru fjölgun skaðasnjóflóða, sem á myndinni sést, sú, að fólk hafi í vaxandi mæli komið sér og sínu fyrir í farvegum snjóflóða.

Ætti því að vera augljóst hver þörf er á að staðsetja snjóflóðafarvegi og merkja þá inn á kort. Í skránum eru snjóflóðin staðsett svo nákvæmlega sem heimildir leyfa, en því miður eru staðarlýsingar oft óljósar. Stundum er sama farvegi lýst með mismunandi orðalagi þannig að vafamál er hvort um sama farveg er að ræða. Oft munu þó staðkunnugir menn geta áttað sig á slíkum tilfellum, og ættu því yfirvöld á þeim svæðum sem skrárnar ná yfir að fá slíka menn til að greina farvegina og merkja þá inn á kort, líkt og gert hefur verið í Öfundarfirði (3).

Út frá dreifingu snjóflóða á mánuði vetrarins má sjá hvenær snjóflóðahætta er almennt séð mest á Vestfjörðum. Nú er lítt hægt að treysta því að skrárnar séu fullkomnar að því leiti að öll snjóflóð hafi verið skráð. Þó má reikna með að flest skaðasnjóflóð hafi verið skráð, og að snjóflóðahætta almennt dreifist líkt og þau. Mynd 4a sýnir dreifingu skaðasnjóflóða á mánuði vetrarins. Þar kemur fram, að snjóflóðahætta vex eftir því sem líður á veturinn og nær almennt séð hámarki í mars. Minnkar síðan skarplega í apríl og hverfur nánast í maí.


Mynd 4 b sýnir aftur á móti hvernig þau snjóflóð dreifast á vetrarmánuðina sem mannskæð hafa orðið. Sést þar mikið ósamræmi við 4a. Mannskæð snjóflóð eru tíðust í desember þegar snjóflóðahætta er almennt tiltölulega lítil. Hér kemur það helst til skýringar, að þar sem ferðamannaslys eru stór hluti af heildarfjölda slysa og þá ræðst dreifing mannskæðra snjóflóða að verulegu leiti af dreifingu ferðalaga og fjallgangna. Bent hefur verið á, að menn hafi verið tiltölulega mikið á ferðinni jólamánuðinn (5), en ennfremur má benda á, að þegar snjóflóðahætta er mikil sem oftast er samfara illviðri og slæmri færð þá heldur fólk sig í byggð og er lítið á ferð um upptakasvæði snjóflóða, en þegar hins vegar snjór er lítill, veður gott og göngufæri ágætt þá fara menn á stjá og huga þá gjarnan lítið eftir öruggum gönguleiðum. Þannig verða ferðamannaslys tíð þegar tiltölulega litlar líkur eru á snjóflóðum.



MYND 1.

FJÖLDI


samanlagdur fjöldi fólks sem hefur lent í snjóflóðum á Vestfjörðum.



MYND 2.


FJÖLDI

samanlagður fjöldi skaða-  
snjóflóða á Vestfjörðum.



1581 1631 1681 1731 1781 1831 1881 1931  
1630 1680 1730 1780 1830 1880 1930 1980.

MYND 3.



okt. nóv. des. jan. feb. ma. ap. mai  
DREIFING SKAÐA - SNJÓFLÓÐA .

MYND 4.

Snjóflóðaskrár:

Skrárnar má til vors 1980. Sleppt er úr þeim snjóflóðum á Óshlíð, Súðavíkurhlíð, Breiðadalsheiði, Kirkjubólshlíð og Eyrarhlíð við Skutulsfjörð frá 1975, en fyrir þeim hefur verið gerð nokkur grein annars staðar (4). Notuð eru spurningamerki þar sem dagsetningar og tölulegar upplýsingar eru óvissar og á eftir staðsetningum sem ekki er getið berum orðum í annálum, en ráða má í út frá öðrum lýsingum. Upphrópunarkerki eru notuð til að leggja áherslu á ónákvæmni í staðsetningum og öðrum lýsingum. Í skránni fyrir Öndarfjörð eru staðsetningar númeraðar, þar sem því er við komið, í samræmi við snjóflóðakort sem birtist í Jökli 1975 (3).

Við mörg síðari tíma snjóflóð koma fram upplýsingar sem ekki er getið í annálum, einkum hvað varðar tegundir og stærðir snjóflóða. Þessar upplýsingar eru fengnar af skrásetningareyðublöðum sem varðveitt eru á Veðurstofu Íslands.

Nokkrar skammstafanir eru í þessum skrá og fara skýringar þeirra hér að neðan:

- P - Þurrt snjóflóð
- V - Vott snjóflóð
- K - Krapahlaup.
- L - Lausasnjóflóð
- F - Flekahlaup
- l - lengd hlaups
- b - breidd hlaups
- d - dýpt dyngju

Tölur eru iðulega ónákvæmar því oftast er um mat að ræða fremur en mælingar.



B A R Ð A S T R Ö N D

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG- FAR- AST	MENN	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG. KL.				
1703		Við Hreggstaði, Barðastrandahreppi			Skemmdi tún.
1798. 11. 03		Skálmardalsheiði!	2		Drap einnig 1 hest.
1929. 12. 21		Brekkuðalur, Steinadalsheiði!	1		
1953. 03. 27(?)		Í Botni Kollafjarðar!			Tók 2 símastaura
1958. 03. 09		Við Litlanes, A-Barðastrandasýslu			HIjóp á fjárhús, án þess að skaða það og á sjó út.
1968. 02. 04		Við Grund, Reykhólasveit			Bargrjót á bæinn, tók fjárrétt.
1977. 02. 02	17	Brekkuhlíð, Gilsfirði			P.L., l=250-300m, b=30m, d=1m, upptök 250-300 m y.s.
1977. 11. 18	14-16	Múlahlíð við Digramúla			2 hlaup a.m.k. P.L., upptök 200m y.s.
1978. 01. 21	17-18	Skammt innan við svonefnd Slitur, Gilsfirði			P.F., l=550m, b=60m, d=3m, upptök 200m y.s., rann í fjöru.
1978. 03. 01	15-18	a) um 500 m innan við bæinn Gilsfjarðarmúla b) um 2300m innan við bæinn Gilsfjarðarmúla c) mitt milli Forvaða og Mávadalsár			P.F., l=600-700m, b=100m, d=2m, upptök 300m y.s., gekk í sjó, sleit síma. P.F., l=500m, b=40m, d=2m, upptök 200 m y.s., gekk í sjó. P.F., l=500m, b=280m, d=3.5m, upptök 500m y.s., gekk í sjó, sleit síma.
1979. 03. 06	16 <sup>30</sup>	Við Slitur, skammt innan við Gilsfjarðarmúla			P.F., b=20m, d=0.8m, upptök 200m y.s.

BARÐASTRÖND

Viðbótarupplýsingar:

Í greininni "Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi" (Jökull 21. árg., bls. 26) segja Ólafur Jónsson og Sigurjón Rist:

"Litlanes stóð undir hamrabelti allháu og niður frá hömrunum brekka brött. Upp í gegnum hamrana eru skörð á einum þrem stöðum. Bæjar- og gripahús stóðu niður undan þessum hömrum, en framan í þá safnast í fannvetrum hengjur, er stundum springa fram skyndilega."

P A T R E K S F J Ö R Þ U R O G T Á L K N A F J Ö R Þ U R

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG- AST	MENN FAR- AST	AÐRAR UPPLÝSINGAR
ÁR. MÁN. DAG.	KL.				
1799		Loftshlíð		1	
1839. 03. 25		Hjá Gröf, Rauðasandi(?)		1	
1857. 12. 03		Kollsvík	7	2	Kófhlaup, skemmdi bæinn.
1931. 03. 04		Deildargil, milli Kvíngindisdals og Vatnsdals	1	1	8m niður á líkið
1943. 03. 16		Utanvert við Patreksfjarðarkauptún			Tók hænsnahús og drap hænsni.
1956. 02. 03	Kvöld	Þorsteinshvammur, Hafnarmúla			Bill Grófst. 2m ofan á einn manninn.
1958. 03. 14	.	Við Urðir, Patreksfirði	3		Skemmdi íbúðarhús, tók 3 bílskúra, 2 fólksbíla, 1 vörubíl, rafstaura og skemmdi áhaldahús ríkisins í Mikladal. b=700m, upptök 300-400m h.y.s. Hengjuhlaup.
1968. 02. 27		Á veginn í Tálknafirði!			Tók 1 rafínustaur.
1972. 01. 29		Á Suðurfjarðarveg!			Tók 10 símastaura. b=500m.
1974. 01. 02		Bakkaendagil, Raknadalshlíð			Hljóp á veginn.
1974. 02. 18		a) Hjá Stöpum innan við Raknadal b) Skammt innan við Patreksfjarðarkauptún			2 hlaup á veginn.
1976. 02.		Þorsteinshvammur, Hafnarmúla			Mikið hlaup!
1978. 03.-04.		Hólsdalur!			Stýflaði Hólsá.

P A T R E K S F J Ö R Ð U R   O G   T Á L K N A F J Ö R Ð U RViðbótarupplýsingar:

Í Snjóflóðaánnál 1958-1971, sem birtist í Jökli 1971, segir Ólafur Jónsson, um snjóflóðið 1958, að þetta sé talið í þriðja sinn í tíð núlifandi manna, sem snjóflóð hafi orðið á þessum stað.

Í bréfi frá Snæbirni Thoroddssen í Kvígindisdal, dags. 8.3.1976, segir m.a.: "Í Hænuvíkurhlíðum, milli Örlygshafnar og Blakkness, falla árlega mikil og tíð snjóflóð..... Kollsvíkurmegin í Hænuvíkurhálsi falla mjög oft snjóflóð á þjóðveginn til Kollsvíkur. Á þjóðveginn uppúr Örlygshöfn til Breiðavíkur (Vörðubrekku) falla einnig oft snjóflóð, og sú leið verður oft einnig ófær, eða illfær af svellum".

Segir Snæbjörn: "Á Skápadalshlíð við innanverðan Patreksfjörð vestanverðan eru mjög tíð snjóflóð og smærri grjótskriður, eins á Raknadalshlíð milli Raknadals og kaupþúnsins á Patreksfirði."

Ennfremur: "Úr hlíðinni yfir kaupþúni Patreksfjarðar eru snjóflóð alltíð og einnig grjótskriður. Sem betur fer hafa ekki orðið manntjón af þessum snjóflóðum, enda hefur verið byggður varnargarður í hlíðinni þar sem hættan er mest, eða snjóflóð tíðust."

ARNARFJÖRÐUR

TÍMASÆTNING		STADSETNING	MENN BJARG-FAR- AST	MENN AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR. MÁN. DAG.	KL.				
1195-1200		Heiðin milli Arnarfjarðar og Tálknafjarðar; Hjá feitsdal!	2	2	
1597. 01. 25(?)		Hrafnseyrarheiði!		3	Tók 5 hesta.
1673. 01. 1.-2.		"Í Arnarfirði!"			Tók fjós, drap 7 kýr og 2 hesta. Hjúp á kirkjunu. Drap 2 kýr og 2 hesta.
1699, 01. 16	Nótt	a) Við Otradal b) Við Dufansdal			
1788. 02. 03		Hjá Lokinhömrum(?)		1	
1810 (?)		Flæðihamarvík, hjá Króki ?			
1849. 02. 11		Við Stapadal	2		Tók hlöðu, hjall og fjárhús, veiðarfæri, sexæring og skipaútbúnað, drap 70 fjár. Gekk í sjó. V. Drap 30 fjár.
1881. 03. 19(?)		Sunnantil í Arnarfirði !			
1937. 02. 25		Við Álftamýri			Tók hlöðu, fjós og drap 2 lömb.
1969. 03. 13	1-2. nótt	a) Framanverður Bíldudalur! b) Sami staður			Skenndi íbúðarhús 2 smáhlaup
1971. 03. 22	Síðdegis	Skipadalur-Norðurkinn-1 klst. gang frá Geldingadalসা.		2	F., l=600m, b=300m, upptök við Kinnarenda. Brotsár þverstyft 1.5-2.0m á hæð. 2 og 4m ofan á líkin.
1971. 11. 07	14	Skipadalur-Norðurkinn			
1973. 02. 13	11 <sup>50</sup>	Lítið gil innan við Grjótreyrargil, hjá Rauðsstöðum.	1		l=300m, b=200m, d=1.5-2.0m. Tók hefil af vegi. b=400m mest. Tók 4 raflínustaura.
1974. 02. 11.-14.		Reynishlíð			
1974. 02.		Úr Meðalnesfjalli, Afreksdal			4 hlaup. Tóku 1 raflínustaur. Gengu í sjó. Upptök í brún. Stöðvaðist niður undir Svíná. b=margir metrar á vegi.

ARNARFJÖRÐUR framh.

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG-FAR- AST	MENN AST	ÖÐRAR UPPLÝSINGAR
ÁR. MÁN. DAG.	KL.				
1974. 12. 20		a) Hjá Rauðsstöðum-Sama gil og 1973 b) Næsta gil utanvið c) Dýpsta gilið á þessum slóðum - 400-500m innan við Rauðsstaði			b=100m, d=1m, upptök við brún, stöðvaðist á sléttle b=50m, d=1m, upptök við brún Stærri en hjn tvo, d=1m, upptök við brún, stöðvaðist á sléttlendi.
1975. 01. 15		Hjá Rauðsstöðum - Sama stað og 1973			Stöðvaðist á vegi.
1975. 05. 03		Hrafnseyrarheiði!			Stöðvaðist á vegi
1978. 11. 06		Norðurkinn, Hrafnseyrarheiði			b=15-20m, d=3m á vegi
1978. 11. 6.-14		Norðurkinn, Hrafnseyrarheiði			Heldur minna en hið fyrra.
1978. 11. 14.-23.		Norðurkinn, Hrafnseyrarheiði			2 Hlaup
1978. 11. 23.-29.		Norðurkinn, Hrafnseyrarheiði			3 smáhlaup
1979. 03		Norðurkinn, Hrafnseyrarheiði			? mikil hlaup!
1979. 04.-05.		Hrafnseyrarheiði!			b=60m, stöðvaðist rétt ofan vegar.

ARNARFJÖRÐURViðbótarupplýsingar

Í bókinni "Skriðuföll og snjóflóð" eftir Ólaf Jónsson, segir undir ártalinu 1699:

".... skulu hér tilfærð ummæli Jarðabókarinnar, sem skrásett eru 1710. Um Otradal segir: "Hætt er staðnum og kirkjunni fyrir skriðuhlaupi úr bæjar-gilinu, sem að tíninu hefur grandað, og hefur það skriðufall fyrir 12 árum hlaupið á fjósið, brotið það niður og drepit þeninginn. Var það þá allnærri staðnum. Var síðan flutt heim að staðnum."

Um Dufansdal segir: "Hætt er efri bænum stórlega fyrir skriðum, og hefur hér fyrir 10 árum skriða á bæinn hlaupið, þegar að túnið tók af, og braut það stofuna, svo mönnum var naumlega sjálfborgið. Í sama sinn tók fjósið, svo nautin dóu. Þá gekk og þessi skriða mjög að heimabænum, þótt eigi grandaði honum."

Þótt jarðabókin tali um skriður, er engin ástæða til að ætla annað en um snjóflóð hafi verið að ræða." (bls. 210)

Ólafur Hannibalsson, bóndi í Selárdal, segir á skrásetningareyðublöðum sem hann sendi Veðurstofu Íslands sumarið 1982:

"Snjóflóð eru þarna algeng, ýmist milli Galtar og Svarthamra eða innan við Göltinn í átt til Auða-Hrísdals. Veturinn 1981 féllu þarna 4-6 flóð með stuttu millibili og náðu stundum saman. Varla líður sá vetur að ekki skríði fram eitt eða fleiri við mismunandi aðstæður. Algengast er á haustin að þau hlaupi undan freðinni jörð, á vetur undan eigin þunga í þurrviðri eða í krapaelg í blotum. Á vorin í aurskriðum, einnig á veturnum í langvarandi þeyviðrum.... Vorið '81 taldi ég þarna 6 sár eftir snjóruðningstæki gegnum snjóflóð. Vegurinn liggur þarna í fjöruborði, og eru snjóflóðin sjaldnast mjög há, frá hnédjúpu í 1-1½ m. Á sumrin hlaupa fram aurskriður á sömu stöðum í stórrigningum."

Ennfremur segir Ólafur, og nú um hlíðina utan Bíldudals, milli Kolgrafarhryggs og Banahleinar, yst í þorpinu:

"Um flest á þarna sama við og áður er sagt um svæðið kringum Gölt. Þó býst ég við að frekar megi tala þarna um flekahlaup, enda fátt um gil eða skorninga. Vegurinn er ristur í hlíðina ca., 10m ofan fjöruborðs. Taldi ég þar 16-18 sár gegnum snjóskaði vorið 1981."

ARNARFJÖRÐURViðbótarupplýsingar, framh.

Enn segir Ólafur: "Selárdalur afmarkast innanvert af Móanesi. Innan við Móanes tekur við Krossavík með samnefndri hvilft. Milli Krossavíkur og Kolmúladals eru Fífustaðaskriður, snarbrött skriðurunnin hlíð í sjó fram, en hið efra þverhnípt hamrabil, skorin af giljum og gjótum. Vegurinn liggur um miðjar skriðurnar og er skorinn af tveimur allstórum giljum. Sveitin hér er yfirleitt snjólétt, nema í þrálátri S-V átt. Frjósa því aurskriðurnar snemma hausts. Leggist mikill snjópungi undir klettana fer hann af stað. Algengara er þó, að snögglega geri blota og sígi krapaeðjan niður og yfir veginn. Heita má árvisst að stærra gilið (ytra) hlaupi fram nokkrum sinnum á vetri. Bæði hlupu þó nokkrum sinnum í fyrra ('80-'81), og raunar að lokum öll hlíðin milli þeirra og innfyrr þau. En sá vetur telst til algerra undantekninga varðandi snjóþyngsli."

Þessum snjóflóðastöðum hafa ekki verið gerð slík skil áður.



D Ý R A F J Ö R Ð U R

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG- AST	MENN FAR- AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG. KL.				
1821.	12. 12	Hjá Birnustöðum (?)		1	Tók fjárhús og hey. Bar stórgrýti á tún.
1834.		Við Gemplfallshús			Skemmdi tún svo að býlið fór í eyði.
1834 (?)		Við Innri-hús, hjá Núpi			Olli skemmdum á bænum Glóru.
1938.		Jarðfallsgil (Glórugil)			
1906.	03. 11.	Hjá Birnustöðum (?)		1	Tók hlöðu, skemmdi fjós, drap eina kú. b=60-80m, snjómagm mikið.
1909.	01	Við Fjallaskaga - 20m sunnan við bæinn			Tók fjárhús, drap 14 fjár, tók einn vegginn undan bænum.
1925.	02. miður	Við Botn			Tók torfhús, spillti högum með grjótburði, mikið hlau.
1930/1931.	01.-03.	Krossgil, hjá Núpi			Nokkur hlaup.
1953.	11. 30(?)	Nesdalur!	1		Tók báta, bátaspil og fl. b=500m. Gekk í sjó.
1958.	03. 15	Fjallið fyrir utan Neðri-Hjarðardal			Hjóp úr öllum giljum upp af bænum. Laskaði fjós.
1969.	03. 13.	Við Múla á Kirkjubólssdal			F., b=600m, d=7m, upptök 250m y.s.
1974	02. 11.-14	a) Ófæra við Hvallátradal b) Hjá Langakeri c) Utan Langaskers d) Valseyri e) Utan Valseyrar f) Hjá Gili g) Í gili vestan við Fremri-Hjarðardal h) Á flugvöllinn hjá Alviöru.			Breitt! Minna! b=500m
1974.	02. 26	Brekkudalur miður - úr hásuðri			V. Veltisnjóflóð. b=15m, d=1-2m.

D Y R A F J Ö R Ð U R framh.

TÍMASETNING		KL.	STADSETNING	MENN BJARG-FAR- AST	MENN AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG.					
1975.	12. 29	Síðd.	200m utan við Langasker			P.L., l=400m, b=15m, d=2m, upptök 350-400m y.s. Bar grjót. Stöðvaðist á vegi.
1977.	02. 04	Síðd.	Ófæra við Hvallátradal - á 400-500m kafla			4 V.L., l=350m, b=8-10m, d=1.5m. Stöðvuðust á vegi. Upptök 300m y.s., báru grjót.
1978.	01. 24		Ófæra við Hvallátradal			4 hlaup á 400m kafla.
1978.	01. 26		Ófæra við Hvallátradal			2 hlaup.
1979.	11. 29		a) Milli Hjarðardals og Bakka b) Utan Ófæru við Hvallátradal			b=50-60m, d=1m á sýsluvegi 4 hlaup úr giljum.

D Ý R A F J Ö R Ð U RViðbótarupplýsingar:

Í bókinni "Skriðuföll og snjóflóð" eftir Ólaf Jónsson, öðru bindi er eftirfarandi undir ártalinu 1628, og er vísað til 27. janúar:

"Þann dag fórust og tveir fjármenn með eitt hndr. fjár í Alviðru vestur og komst ekkert af."

"Ekki verður fullyrt, að snjóflóð hafi orðið mönnunum tveimur og fjárhópnum að aldurtila, en mjög líklegt má það teljast." (bls. 195-196).

Í sömu bók, undir ártalinu 1850, þetta:

"Gestur Vestf. segir: "Á vetri þessum týndist maður í Dýrafirði í snjóflóði, og er sagt, að það bæri upp á sama dag sem stúlkan fórst frá sama bæ veturinn áður." Ekki er auðvelt að fá frekari staðfestingu á þessu, en í prestþjónustubókinni er sagt, að 25. nóv. hafi Ingimundur Jónsson frá Salvogum, 29 ára, hrapað úr fjalli, og er sennilegt að átt sé við hann .... Í óprentuðum ann. T.S. 305, segir, að þetta ár hafi maður farist í snjóflóði frá Gerðhömrum við Dýrafjörð. Prestþjónustubókin er skemmd, svo að þetta fæst ekki staðfest í henni ... " (bls. 264-265).

Í greininni "Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi" (Jökull 21, bls. 27) segja Ólafur Jónsson og Sigurjón Rist:

".... um það eru munnmæli, að einsetukona, Þórkatla að nafni, hafi átt kofa utan við túnið í Neðri-Hjarðardal og að snjóflóð hafi tekið hann með öllu, er í var, út á sjó".

Sigurjón Rist segir í "Snjóflóðaannál áráanna 1972-1975" (Jökull 25, bls. 54):  
"Snjóflóð fór yfir veginn hjá Gili, en þar féll snjóflóð fyrir 50 árum."

Ö N U N D A R F J Ö R Þ U R

TÍMASÆTNIÐ		(Númer farvegs á korti) STADSETNING	MENN BJARG- FAR- AST	MENN FAR- AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG. KL.				
1628.	01. 26	Sporhamar, Mosdal	1	1	
1626.	01. 27	Hjá Innri-Veðrará (?)		1	
Um 1760		Klofningsheiði!		1	
1834.	01. 11	Breiðadalsheiði!		1	
1842		Hjá Sæbóli (?)		1	
1843.	12. 31	Breiðadalsheiði!		1	
1855.	11. 12	Breiðadalsheiði!		1	
1886.	12. 20	Tvö gil í Hærrafjall, hjá Villingadal!	2	3	Tvö hlaup
1894		Hjá Innri-Veðrará (14)			Tók skemmu
1909.	01. miður	Búðargil (2)			Tók marga ritsímastaura.
1910		Breiðadalsheiði!			Heiðin ófar í 3 vikur vegna snjóflóða.
1916.	02.08 eða nokkru síðar	Milli Neðri-Breiðadals og Selakirkjubóls.			Tók nokkra símastaura.
1926.	03. 03	Gil hjá Sauðanesi (1)		1	
1930.	01. 19	Grafargil (26)	5		Tók hest- og fjárhús, drap 3 hesta og 9 fjár. Skemmdi bæinn. F., b=300m.
1934.	10. 27	Búðargil (2)		3	
1936.	03. 20	Úr Skollahvilt (6?)			Tók hjall, 5 símastaura og skemmdi grafreit.
1938.	11. 27	a) Milli Hvilftar og Sólbakka (8) b) Fværfjall			Tók 5 símastaura og vatnsgeymi verksmiðjunnar á Sólbakka. b=200m. Nokkur hlaup

Ö N U N D A R F J Ö R D U R framh.

TÍMASETNING		(Númer farvegs á korti) STADSETNING	MENN BJARG-FAR- AST	MENN BJARG-FAR- AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
DAG.	KL.				
1949.	Vor	Inn undir Hádegisá, Bjarnardal (21)			
1953.	04. 02	Úr Skollahvilft (6)			Skemmdi grafreit
1958.	03. 14(?)	Selabólsurð (11,12)			b=500m.
1958.	03. 15(?)	Selabólsurð (11,12)			
1963.	10. 15	Breiðadalsheiði!	1		Lenti á jarðýtu.
1968.	02. 04.	a) Milli Flateyrar og Breiðadals (10, 11 eða 12?) b) Sólbakkaengjar (8?)			Tók Raflínustaura
1969.	11. 10.	a) Skollahvilft - 100m frá Flateyri (6) b) Selabólsurð (11,12) c) Breiðidalur!			Tók hæsnahús og drap 100 hænsni, tók raflínustaura. b=300m. Gekki í sjó. b=700m, d=3m á vegi. Lenti á jarðýtu.
1969.	11.	Hjá Kirkjubóli í Korpudal (18)			
1969.	11.	Á Korpudal (19)			
1973.	12.	Utan Kálfeyrar (3)			
1974.	02. 08.-13	Útundir Sauðanesi (1)			
1974.	02. 11	Innanverð Skollahvilft (8)			Tók 4 raflínustaura og sjónvarpshús.
1974.	02. 11	Eyrarfjall utan Flateyrar (4)			Tók raflínustaura. Gekki í sjó.
1974.	02. 11	Gil utan Skollahvilftar (5)			
1974.	02. 11	Ofan við Flateyri (7)			Tók hjall og 3 rafstaura. Gekki í sjó
1974.	02. 11	Ofan við Flateyri (milli 7 og 8)			
1974.	02. 11	Hjá Tannanesi. (16)			Tók 6 símastaura. F.

Ö N U N D A R F J Ö R Þ U R framh.

TÍMASETNING		(Númer farvegs á korti) STAÐSETNING	MENN BJARG-FAR- AST	MENN AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG. KL.				
1974.	02. 11	Hjá Kirkjubóli í Korpudal (18)			Tók hjall og snerti hlöðuhorn.
1974.	02.11.-12	Selakirkjuból (10)			Tók bæinn (Eyðibýli)
1974.	02.11.-12	Breiðidalur-Skammt innan við Neðri-Breiðadal			Breitt!
1974.	02.11.-12.	Úr Urðarskál (17)			Stórt!
1974.	02.11.-12.	Á Korpudal (19)			
1974.	02.11.-12	Á Korpudal (20)			
1974.	02. 12 01	Milli ytri og innri Veðraráa (14)			Tók 7 raflínustaura. Stórt hengjuhlaup!
1974.	02. 12	Hjá Tannanesi (15)			F.
1974.	02.	Hjá Þorfinnsstöðum (25)			
1976.	01. 15 3-6	Vaðalhvammsskriða, Bjarnardal.			V.L., b=12m, d=2m, upptök 350m y.s.
1976.	01. 18	Úr Þorfinni-800m innan Ófæru (24)			P.F., b=30m, d=4m, upptök 500m y.s. Gekk í sjó.
1976.	02. 01 Nótt	Úr Þorfinni-800m innan Ófæru (24)			V.L., b=15m, d=3m, upptök 500m y.s. Gekk í sjó.
1976.	02. 08 Nótt	Úr Veðrarárfjalli-800m f. ofan Vegamót við Breiðadal.			V.L., l=350m, b=8m, d=1.5m, upptök 300-350m y.s. Stöðvaðist á vegi.
1976.	03. 15. Nótt	Úr Þorfinni- á miðri hlíð milli Valbjófsdals og Hjarðardals (24)			P.L., b=10m, d=1.5m, upptök 400-450m y.s. Stöðvaðist á vegi.
1976.	03. 30 18	Úr Þorfinni-800m innan Ófæru (24)			P.L., b=4.5m, upptök 600m y.s. Gekk í sjó.
1976.	04. 17 20 <sup>30</sup>	Úr Þorfinni-á miðri hlíð milli Valbjófsdals og Hjarðardals (24)			P.F., b=15m, d=2.5m, upptök 700m y.s. Gekk í sjó. Skemmdi símalínu.
1977.	02. 04 16-18	Úr Ófæruhlíð-á Valbjófsdalsveg			P.V.L., á 400 m kafla. l=250m, b=7-8m, d=3m á vegi. Upptök 150-200m y.s. Stöðvuðust á vegi.

Ö N U N D A R F J Ö R Ð U R framh.

TÍMASETNING		(Númer farvegs á korti) STADSETNING	MENN BJARG- AST	MENN MENN FAR- AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR MÁN. DAG.	KL. 11 <sup>30</sup> 17 Nótt 13				
1977.	02. 05	Selabólsturð (11)			P.F., l=1500m, b=320m, d=2.5m upptök 700m y.s. Stöðvaðist í Hóltsodda handan fjarðar. Bar grjót.
1977.	02. 05	400 m utan Flateyrar (4)			P.F., b=400m, upptök 550-600m y.s., d=2.5-3m. Gekki í sjó. Bar Grjót. Tók 5 raflínustaura.
1977.	04. 04	Á Bjarnardal!			K., l=500m, b=20m, d=3m á vegi, upptök 400-500m y.s. Stöðvaðist á vegi.
1979.	04. 13	Kirkjubólsturð			P.F., l=700-800m, b=40m, upptök 600m y.s., d=1m á vegi Stöðvaðist rétt neðan vegar. Bar grjót.
1979.	11. 29	Úr Skollahvilft (6)			P.F. Stöðvaðist á varnrkeillum ofan vegar.

ÖNUNDA RFJÖRÐURViðbótarupplýsingar

Í bók Ólafs Jónssonar "Skriðuföll og snjóflóð", öðru bindi má finna eftirfarandi undir ártalinu 1814:

"Mars 15., jarðaður í Holti Guðmundur Jónsson, bóndi frá Tröð, 35 ára gamall. Dó voveiflega á ferð utan af Hvilftarströnd þ. 11. þ.m. Meinast hafa fallið í sprungu á móðskafli, sem brostið hafi undan fótum hans og þar fyrir druknað af flóði í snjónum niður undan Neðri-Breiðadalstúni ..." Slys þetta getur ef til vill varla talist stafa af snjóflóði, en næsta skylt því er það þó." (bls. 238-239).

Í sömu bók undir ártalinu 1899:

"Þann 17. apríl vildi það slys til á Hvalveiðistöð Ellefssens í Önundarfirði, að Pálmi Guðmundsson, 25 ára vinnumaður frá Hrauni á Ingjaldssandi, varð undir snjóskafli og beið bana. Pálmi var ásamt fleiri verkamönnum að grafa tunnur úr skaflinum, og sprakk hann þá skyndilega fram. Varð Pálmi undir, en annar verkamaður slapp nauðuglega og hlaut nokkur meiðsl". (bls. 334).

Enn segir Ólafur í sömu bók; nú undir ártalinu 1910, og á við Breiðadalshéiði: "Héiði þessi er illræmd vegna snjóflóða, og hafa margir farist þar. Reynald Kristjánsson, póstur, segir í æviþáttum sínum, að hann hafi tvisvar lent þar í snjóflóði í þau 14 ár, sem hann fór póstferðir yfir héiðina (1901-1915)." (bls. 354).

Í frásögn Ólafs af snjóflóðinu á Grafargili 1930 má sjá eftirfarandi: "Býlið, sem er margra alda gamalt, mun aldrei fyrr hafa orðið fyrir snjóskeiðu en afspyrnurok var, og er talið líklegt, að veðurofsinn hafi bægt hlaupinu úr venjulegum farvegi og að bænum.

Bærinn stendur undir fjallinu Þorfinnur, og koma oft snjóflóð úr giljum þar í fjallinu og fara niður utan við bæinn." (bls. 405).

Og loks: "... sögn er um Manntapaskarð milli Valþjófsdals og Hjarðardals. Þar eiga átján manns að hafa farist. Voru að koma frá jólagleði í Hjarðardal, en áttu heima í Valþjófsdal." (bls. 407-408).



S Ú G A N D A F J Ö R Ð U R

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG-FAR- AST	MENN AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁÍ. DAG. KL.				
1725.	05	Norðureyri	?		Tók af mestallan bæinn, peningshús, drap allt kvikfé og tók mestalla búshluti.
1815.	03. 20	Nótt			Tók hjall og matvöru út á sjó. Tók Fjánhús og drap 20 fjár. Tók fjánhús með fé öllu.
1836.	12. 18	Nótt	1	4	Braut bæinn, tók sexæring með öllu tilheyrandi, drap kú, gekk yfir fjörðinn.
1882		Norðureyri			Gekk upp á Suðureyri, setti þar sexæring upp í annan bát. Bar mikið grjót.
1899		Í Fjarðarbotni!			Tók brúna af Botnsá
1900.	02. 23	Jökulteigar, Klofningsheiði			
1906.	01. 16	Hjá Gelti (?)			Drap tvo hesta.
1909.	01. miður	Norðureyri			Gekk upp á Suðureyri og skekkti eða braut vélbát.
1910.	03. 01(?)	Við Gölt			Tók tvö sjóhús ásamt fiski. Braut 2 báta.
1910		Norðureyri			2 hlaup a.m.k.
1915.	02. 04	Norðureyri			Tók hlöðu, hjall, 2 báta og vatnsbólið.
1916.	02. 27	Langavík undir Spilli	1		
1930.	01. 19	Norðureyri			Tók fjánhús og drap 45 fjár. Skemmdi bæinn lífillega
1931.	01. 22	Norðureyri			Tók tvo báta.
1939.	01. 08	Norðureyri			Drap 26 fjár, olli flóðbylgju á Suðureyri.
1946.	02. 04	Norðureyri			Olli flóðbylgju sem skemmdi bryggjur, báta og skúr

SÚGANDA FJÖRÐUR framh.

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG- AST	MENN MENN- FAR- AST	AÐRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG. KL.				
1951.	12. 26	Norðureyri			Flóðbylgja olli smávægilegum skemmdum á Suðureyri.
1975-1976		Vallanesgil, Spilli			5 hlaup. b=10-20m, d=5-6m á vegi. Upptök 500-600m
1977.	02. 05 8-9	Norðurhlíðin í Botni, frá Seltjarnarhrygg að Svarthömrum			V. Hjarnhlaup. l=500-700m, b=3km, d=1-5m.
1978.	01. 11	Í Stóraskratta			b=11m, d=3.3m
1978.	01. 12	Óstaðsett!			3 smáhlaup
1978.	01. 26	Utantil í Lönguvík			Stórt!
1978.	02. 24	Fjallið ofan við Suðureyri	1	1	Hengjuhlaup
1978.	03. f.9.	Búrfell; Súgandafjarðarmeginn við sjónvarps- hus			b=150m, d=5m, á vegi
1978.	11. 21	Svartagil, Spillisvegur			b=12m, d=4.3m á vegi
1978.	11. 28	Utantil í Lönguvík			b=10m, d=3m, Bar grjót.

S Ú G A N D A F J Ö R Ð U RViðbótarupplýsingar

Í bók sinni "Skríðuföll og snjóflóð", öðru bindi, segir Ólafur Jónsson undir ártalinu 1725:

"Á Norðureyri er mjög snjóflóðahætt. Jarðabókin (skrásett 1710) segir svo: "Hætt er kvikfé stórlega fyrir snjóflóðum. Vatnsból er lítið og hættulegt til að sækja fyrir snjóflóðum.... Hætt er bænum mjög svo fyrir snjóflóðum, og hefur hann tekið tvisvar í manna minni, en þó menn lífs af komist í hvor tveggja sinn. Oft hefur á bæinn hlaupið, sem gert hefur ei alllítinn skaða bæði húsum og heyjum, kvikfénaði og skipum."

Snjóflóða þeirra, sem Jarðabókin hér vísar á, mun hvergi annars staðar getið. "Í manna minni" hlýtur að þýða í minni þeirra manna, sem eru lifandi þegar Jarðabókin er skráð, þ. e. innan 60-70 ára, og ætti þá Norðureyrarbær að hafa eyðzt í snjóflóðum þrisvar sinnum á tæpum 90 árum. Jarðabókin kemst eins að orði um Gilsbrekku í Súgandafirði, að þar hafi snjóflóð tekið bæinn í manna minni. Gilsbrekka er við norðanverðan Súgandafjörð, eins og Norðureyri, en miklu innar. Snjóflóð eru mjög tíð við norðanverðan Súgandafjörð, og líklega hefur enginn bær á Íslandi eins oft eyðzt af snjóflóðum eins og Norðureyri." (bls. 215-216).

Enn segir Ólafur, nú undir ártalinu 1836:

"Norðureyri við Súgandafjörð stendur fremst á dálítilli eyri, sem gengur fram í fjörðinn norðan megin, andspánis kaupstaðnum Suðureyri. Óvísða hér á landi mun snjóflóðahætta meiri en þar, og varla nokkurt býli á landinu orðið fyrir þyngri búsigjum af snjóflóðum og þó haldizt stöðugt í byggð. Eyrin, sem bærinn stendur á, er tiltölulega flöt, og bærinn stendur góðan spöl eða um 300 m, frá fjallinu, sem er allhátt um 500 m, hjallalaust og bratt, um 30° halli úr brekkukverk og á fjallsbrún. Rétt utan við eyrina gengur mikið gil upp fjallshlíðina, og falla oft mikil snjóflóð úr því. Þau geta farið yfir eyrina utanverða, en valda þar þó varla tjóni, en oft miklu ölduróti á Suðureyri. Bærinn á Norðureyri mun lengi hafa staðið þar, sem hann nú er, og verður oft fyrir hlaupum, en er varinn með steiptum steinfleyg, en bæjarrústir voru lítið eitt utar á eyrinni, og má vera, að þar hafi staðið bær sá, er snjóflóðið tók 1836, og væri þá hugsanlegt, að það hlaup hefði komið úr gilinu. Annars hleypur þarna oft öll fjallshlíðin og sjást þess ýmis merki. Vestan á eyrinni eru leifar af túngarði meðfram fjörinni, og svo sem 50-60m ofan við bæinn er þverbratt barð, nefnt Borgin, sem veit móti fjallshlíðinni um 5-6 m á hæð, dálítið sveigiaga og lítur út eins og mannvirki sé, og er

S Ú G A N D A F J Ö R Ð U RViðbótarupplýsingar, framh:

freistandi að geta þess til, að barð þetta sé gert til varnar gegn snjóflóðum. Bærinn stendur fremst á austanverðri eyrinni, og er húsaskipun sú, að efst er lítið íbúðarhús úr steini og veit stafn að brekku, og er gerður við hann steinfleygur mikill, fram af íbúðarhúsinu eru svo önnur hús býlisins. Hlaupin á Norðureyri koma venjulega úr snjódyngjum, er safnast ofarlega í fjallinu og helzt í lok hríða. Fjallsbrúnin er slétt og skefur fram af henni, svo að þar verður mikil snjósöfnun. Snjóflóð koma þarna stundum eftir fyrstu snjóa, þótt ekkert hjarn sé undir, en oftast hleypur á gömlu hjarni. Ofarlega í hlíðinni, þar sem upptök snjóflóðanna venjulega eru, vottar víða fyrir dýja-veitum, og má vera, að þar eigi einhvern þátt í að hleypa snjóflóðunum af stað eða geri svellbunka, sem snjórinn skríður á. Stundum hleypur öll hlíðin utan fyrir Norðureyri og inn undir Selárdal. Spölkorn upp í brekkunni upp af eyrinni er rúst af dálitlum kofa, þar hefur verið sumarfjós, og er gaflinn alveg grafinn inn í brekkuna, þó hafa snjóflóð tvívegis brotið það niður. Spölkorn innan við eyrina eru innsiglingarmerki, annað fram á dálítilli eyri, en það, sem innar er, undir brekkurótinni. Það er steinsteypt, fleyg-laga, og veit egg fleygsins að fjallinu. Upp úr því er þríhyrnt járnplata fest á svert járn. Járnstöng þessa hafa snjóflóðin kengbeygt, svo að það veit nú niður á plötunni er upp vissi. Öll er hlíðin rákuð og svo eru fjalla-hlíðarnar allar norðan fjarðarins. Þessu valda að nokkru grjótskriður er þarna falla oft og hafa gert stórar urðir og hrúgur í fjörunni, en sumt kann að vera eftir snjóflóð, er sópa grjótinu með sér. Norðureyri á eftir að koma enn við sögu, og skal því eigi rætt meira um hana að sinni". (bls. 253-255).

Ög enn segir Ólafur, nú undir ártalinu 1882:

"Þá er þess getið, að fyrir löngu hafi fólkið á Norðureyri farist í snjóflóði, það var 1836, og að stundum hlaupi öll norðurhlíð fjarðarins. Fjallið fyrir innan Gilsbrekku hafi t.d. hlaupið þvert yfir fjörðinn hjá Kvíanesi. Þá var ís á firðinum, sem hlaupið braut upp og splundraði öllu, er fyrir varð". (bls. 293-294).

Loks segir Ólafur undir ártalinu 1930:

"... á Gilsbrekkudal, upp frá Gilsbrekku í Súgandafirði, er staður sá, er nefnist Dugghola. Þar eiga að hafa farist átján manns í snjóflóði .... Hvergi hef ég getað fengið nokkra staðfestingu á þessu, má geta þess, að hlið-stað sögn er um Manntapaskarð milli Valþjófsdals og Hjarðardals. Þar eiga átján manns að hafa farist." (bls. 407-408).

S Ú G A N D A F J Ö R Ð U RViðbótarupplýsingar, framh.:

Í bréfi til Veðurstofunnar árið 1976 segir Þórður Maríasson á Suðureyri m.a.:  
"Milli Botns og Gilsbrekku er bratt fjall sem Grensfjall heitir. Þar eru tíð  
snjóflóð í sjó, og brjóta þá upp ís ef er á firðinum".

Á snjóflóðaskýrslu árið 1976 skrifar Karl Guðmundsson, Bæ, að snjóflóð teppi  
iðulega Spillisveg, stundum daglega í SA-áttum. Skemmdir verði helst á síma  
en einnig stundum á vegi

B O L U N G A R V Í K O G N Á G R E N N I

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG-FAR- AST	MENN AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG.				
1673.	01. 02.	Hjá Hóli (?)			Tók 4 hesta.
1804.	01. 15	Hjá Breiðabóli, Skálavík (?)		1	
1910.	03. 01	Breiðaból, Skálavík	10	4	Tók tvo bæi, skemmdi þann þriðja, tók tvö fjós og tvær hlöður, drap 55 fjár, 1 hest, 1 kú og 1 tík.
1974.	02. 11	Lambakinn, Heiðnafjalli (Reiðhjallavirkjun)			F., upptök undir klettum, brotsár 6-8m hátt, en mjótt Rann á hjarni. Skemmdi skrúfubúnað á lokuvindum virkjunar, og handrið á stíflu.
1974.	02. 14	Bogahlíðar, Heiðnafjalli			F., b=350m, upptök undir klettum á tveimur stöðum, brotsár 3m hátt. Rann á hjarni. Tók 2 símastaura, lenti á stöðvarhúsi Reiðhjallavirkjunar án þess að valda á því skemmdum.
1975.	01.13.-15	Lambakinn, Heiðnafjalli.			Upptök við fjallsbrún. Stórskemmdi tvær lokuvindur Reiðhjallavirkjunar og laskaði þá þriðju.

ÍS A F J Ö R Ð U R O G N Á G R E N N I

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG-FAR- AST	MENN AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG. KL.				
1673.	01. 02	Búð Hnífsdal.	?		Tók bæinn, hjalla með fiski og hey. Gekk í sjó.
1701		Fremri-Arnardalur	?		Tók 3 bæjarhús.
1798		Hjá Arnardal (?)			Tók 30 fjár.
1817.	02. 17	Óshlíð		1	
1818.	03. 20	Augnavellir, Hnífsdal.		4	Tók bæinn af.
1834.	01. 29	Óshlíð		1	
1880.	03. 08	Óshlíð		1	
1910.	02. 18	Búðargil, Hvífsdal	12-20	20	Tók Búðarbæinn, 2 verbúðir, bátabyrgi, 3 báta, saltskúr, hlöðu og 2 hjalla.
1910.	03. 01(?)	Kaldáreyri			Tók bræðsluhús og 16 föt af lifur.
1910.	03. 03	Við Naust, Skutulsfirði			Tók fjárhús og hlöðu. Drap 8 fjár og fyllti bæjarhúsin af snjó.
1916.	02. 08	a) Búðar- og Traðargil, Hnífsdal b) Í Hnífsdal!	1	1	Tók fjárhús og fjós og 1-2 hlöður, vélabyrgi, hjalli og verbúð. Drap 16-18 fjár og 1 kú. Dálftið hlaup!
1916.	02. 14	Milli Hrauns og Heimabæjar, Hnífsdal.	1		Stórskemmdi bæinn
1916.	02. 15	Grænigarður (utan við núverandi Grænagarð)	2		Fleiri hlaup þar nærri.
1916.	02. 18	Þar sem Augnavellir stóðu			Tók hús og drap fé.
1919.	04. 12(?)	Fjallið gegnt Ísafirði!			
1926.	11.6-7.	Framarlega í Hnífsdal!			2 hlaup. Drápu 5 hesta og tóku 12 símastaura

ÍS A F J Ö R Þ D U R O G N Á G R E N N I framh.

TÍMASÆTNING		STADSETNING	MENN BJARG- FAR- AST	MENN AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG. KL.				
1928.	02. 11	a) Hvanngjár, Óshlíð b) Steinsöfæra, Óshlíð	1 1	4	
1931.	01. 24	Í Hnífsdal!			Tók 6 símastaura
1931.	01. 25	Í Hnífsdal!			Tók geymsluhús
1936.	03. 21	Kaldáreyri			Tók bæinn og fjárhús, drap 11 fjár, tók auk þess símalínu. b=250m.
1941.	03. 02	Sólgerði	6	2	Tók sumarbústað og hænsnahús. Laskaði íbúðarhúsið að Seljalandi, tók hlöðu og 3 sumarbústaði. b=nokkur hundruð metrar. Tók bæinn. b=200m Tók fjárhús og reykhus við Heimabæ Drap 5 fjár Mörg hlaup sem ekki ollu tjóni.
1947.	03. 24	a) Innarlega í Eyrarfjalli! b) Eyrarfjall, upp af Seljalandsmúla			
	15	c) Karlsá við Seljalandsveg d) Træðargil, Hnífsdal. e) Búðargil, Hvífsdal. f) (ótilgreint)	1		
1952.	05. 01	Gil fyrir ofan Grænagarð			
1953.	01. 18	Gil upp af Gullhól, Seljalandsdal		4	
1953.	03. 28	Við Kirkjuból.			
1953.	03.28-29.	Skíðaskálinn, Seljalandsdal.			Tók geymsluhús með rakstrarvél, snúningsvél, áburðar-dreifara og fleiri landbúnaðarverkfærum ofan fyrir veg
1954.	03. 05	a) Norðan í múlanum neðan Skíðavegar b) Á réttina við Grænagarð c) Innan við Ísafjörð! d) Milli Ísafjarðar og Hnífsdals!			Tók skálann. Tók sumarbústað
1963.	02.11.-12.	Óshlíð			2 hlaup Lenti á bíl.



ÍSÁFJÖRÐUR OG NÁGRENNI framh.

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG- FAR- AST	MENN MENN FAR- AST	AÐRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG. KL.				
1968.	02.26.-27.	Óshlíð			10 hlaup
1969.	11. 10.	a) Seljalandsvegur - Steiniðjan. b) Á svipuðum slóðum! c) Á Seljalandsveg!			b=500-800m; stórskemmdi trésmíðaverkstaði Steiniðjunnar, skemmdi eða eyðilagði vélar, steypuvél og bíflök. Tók sumarbústað(i) og háspennulínu. 1 hlaup a.m.k.
1969.	12. 27	Óshlíð			5 hlaup
1970.	02	Milli Ísafjarðar og Arnardals!	2		Jeppi grófst.
1971.	02. 08	a) Milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur b) Milli Ísafjarðar og Súðavíkur			70 hlaup! 30 hlaup!
1971.	03. 24	Á veginn til Ísafjarðar skammt frá Hnífsdal			
1972.	03.-04.	Óshlíð			
1973.	02. miður	a) Tunguskógur! b) Innst í Ísafjarðarkaupstað! c) Kirkjubólshlíð!			
1974.	02. 10	Eyrarfjall.við Pétursborg			Tók 4 rafstaura
1974.	02. 11	Miðhvíft, Þórólfsþyrnu			Tók 1 rafstaur.
1974.	02. 12	Innan við Grænagarð (þ.e. þar sem gamla þærin stóð)			Tók 3 rafstaura og bíl.
1975.	03. 04	Óshlíð.			

Í S A F J Ö R Ð U R O G N Á G R E N N IViðbótarupplýsingar:

Í bókinni "Skriðuföll og snjóflóð" eftir Ólaf Jónsson má finna þessa lýsingu undir ártalinu 1818:

'Augnavellir eru í Hnífsdal spölkorn framan við Hraun og eru nú fyrir löngu komnir í eyði. Þangað liggja götutroðningar frá Hrauni um blautar og rótlausar mýrar, sem allar eru mjög skriðurunnar og stendur stórgrýti þar víða upp úr. Í verstu keldurnar hafa verið lagðir hnullungar. Snjóflóðahætta er þarna mikil, hleypur iðulega úr hverju gili og standa þar engar girðingar. Á Augnavöllum sjást nú lítil verksummerki. Þar sem bærinn stóð, er dálítill grænn hóll, varla meira en 20-30m í þvermál. Fram af honum niður að ánni er hallandi mýri, sem mun vera samilegt slægjuland, en af túni sést lítið nema dálítill móakragi upp af bæjarhólnum, og vottar þar fyrir tóttum af útihúsum, en lítil kvíatótt er við stóran stein þar upp af. Allt er þetta smátt og þess vott, að þarna hefur kotbýli verið. Upp af bæjarstaðinu eru tvær gilskorur í fjallinu, og mun snjóflóðið, er bæinn tók, hafa komið úr þeirri ytri. aðalskriðan féll á bæinn, en jaðar hennar lenti á fjárhúsi, er stóð fram og upp af bænum og tók af því annan arminn. Margir steinar stórir komu með hlaupinu niður á túnið og svo var skriðan ferðmikil að hún hljóp yfir á Bakkaskriðu". (bls. 241-242).

Í sömu bók segir undir ártalinu 1910:

"Þorpið í Hnífsdal stendur við grunna vík rétt utan við mynni Skutilsfjarðar, og er þangað um 5 km vegur frá Ísafirði. Nokkur hluti þorpsins er norðan eða norðvestan við víkina, undir snarbröttu og háu fjalli, er nefnist Búðarhyrna. undirlendi er ekki teljandi þeim megin vökurinnar. Í Búðarhyrnunni eru þrjú gil. Utast er Búðargil, ekki mjög vítt, en ákaflega hátt og bratt og mikil skriðuvængur fram undan því. Þá er Traðargil, álíka og Búðargilið, niður frá því heita Hvammar. Hraungil er innst og langmest. Það hefur víða skál eða trekt uppi í fjallinu. Úr þessu gili hefur einhverntíma fallið mikið grjóthlaup og orðið að urðarhrúgaldi, er nær niður utan við bæinn Hraun, er stendur undir jaðri þessa framhlaups. Úr þessu gili falla oft snjóflóð, en framhlaupið gerir allháan hrygg alveg upp að gilkaftinum, og bægir hann hlaupunum frá bænum, niður fyrir utan hann. Framhlaupið er mikið gróið, en snjóflóðin bera sífellt stórgrýti niður á það, og eru stórbjörg á víð og dreif um það norðanvert. Þar er stór steinn, er fyrir nokkrum árum hrundi úr fjallinu niður á framhlaupið ofanvert, en snjóflóð flutti síðan lengra niður á hlaupið. Utan undir hlaupinu er gömul grjótrétt. Ofan í hana miðja hefur snjóflóð fært mikið bjarg og laskað vegg réttarinnar.

Í S A F J Ö R Ð U R O G N Á G R E N N IViðbótarupplýsingar, framh.

Þorinn 1910 var harður mjög og snjóasamur, og þegar kom fram í febrúar, gengu stórhriðar dag eftir dag svo vikum skipti. Hlóð þá niður ódæma snjó við Ísafjarðardjúp, og urðu miklar hengjur í fjallabrunum móti suðri og suðaustri" (bls. 344-345)

Ennfremur:

"Snjóflóð munu oft áður hafa fallið í Hnífsdal, en aldrei með jafn skaðvælegum afleiðingum. Talið er, að þau hafi oftast fallið úr Búðarhyrnunni niður Hraunsgilið eða þá á milli giljanna og komið niður innan við þorpið, tekið fjárhús og brotið túngarða." (bls. 350).

Þá má finna þessa lýsingu undir ártalinu 1916:

"Upp af Grænagarði þeim, sem nú er þarna, er nokkuð stórt gil, en úr því hafa aldrei fallið nein teljandi hlaup. Grænigarður sá, er flóðið braut, stóð utar, og hlaupið kom úr lítilli gilskoru þar upp af, og hefur oft hlaupið úr henni síðan. Nú er gróin grund þar, sem sá Grænigarður var, er snjóflóðið eyðilagði. Svo hagar til þarna, að hátt uppi í fjallinu, upp af Ísafjarðar-kaupstað er hjalli, sem heitir Gleiðarhjalli. Hjallinn er sagður skilinn frá fjallinu af rák eða dalskoru, sem gæti verið sprunga eða vatnsfarvegur. Snjóflóð munu varla hafa fallið úr þeim hluta fjallsins, þar sem hjallans gætir, en skriðuföll munu þar algeng, einkum út í Eyrarhlíðinni. Þegar kemur suður um Grænagarð, er hjallinn þrotinn að kalla, og er þaðan allt suður á Seljadal mjög snjóflóðahætt." (bls. 360-361).

Í S A F J A R Ð A R D J Ú Þ

TÍMASÆTNING		STADSETNING	MENN BJARG- FAR- AST	MENN	AÐRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁÞ. DAG. KL.				
1699.	01	Innantil við Snæfjallaeyrar! Við Gjörfudal, Ísafirði.	?		Tók sjóbúð og tvö skip. Drap 4 hesta.
1849.	þorralok	a) Sauradalur, Álftafirði! b) Snæfjallaströnd!			Tók fjárhús og drap fé.
1931.	01. 22	Við Skjaldfönn, Nauteyrarhreppi			Tók 8 símastaura 2 hlaup. Tóku 7 símastaura hvort.
1953.	03.27.-29.	Við Mórillu, Kaldalóni			Tók kofa, drap hrút, bar grjót á tún. b=150m snjódypt 5-7m.
1968.	02. 4.-5.	a) Traðargil, ofan Súðavíkur b) Súðavíkurhlíð			Tók brúna af Mórillu.
1973.	02. miður	Rétt innan við brúna á Flautá í Kaldalóni			Tók hlöðu.
1975		a) Utan fossa, Hestfirði b) Andasund, Hestfirði c) Sjötúnahlíð, Álftafirðir d) Fossahlíð			Stórt!
1978.	03	Heiðabrekkur, Langadal			d=2m á vegi
1978.	04(?)	a) Sjötúnahlíð b) Andasund c) Í brekkum ofan við brú á Flautá d) Rétt innan við brú á Flautá e) Heiðabrekkur			b=30-40m, d=1.5m. b=150m, d=1.0-1.5m. Trúlega fleiri en eitt hlaup.
1979.	03.-04.	Við Flautá, Kaldalóni			7-8 hlaup.
1979.	11. 28.	a) Andasund, Hestfirði b) Utan Fossa, Hestfirði			2 hlaup
1980.	03(?)				5 hlaup.
					b=60m, d=1.0-1.2m á vegi
					b=25-30m, d=1m. b=25-30m, d=1m.

JÖKULFIRÐIR OG HORNSTRANDIR

TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG-FAR- AST	MENN MENN FAR- AST	AÐRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG. KL.				
1818.	03. 20	Nótt			
1880 (?)		Við Neðri-Miðvík, Aðalvík Undir Bolungarvíkurbjargi	3		Hljóp á tún. Gekk í sjó.
1898.	12. 22.	Í fjöru hjá kvíum, Grunnuvík		1	
1920.	12. 18	Hjá Hvannalæk, Bjarnarnúpi	1	3	
1926.	11. 07(?)	Hesteyri			Braut bryggjur, skemmdi verksmiðju
1938.	11. 27(?)	Jökulfirðir!			Tók símastaura

S T R A N D I R

TÍMASETNING		TÍMASETNING		STADSETNING	MENN BJARG- FAR- AST	MENN FAR- AST	ADRAR UPPLÝSINGAR
ÁR	MÁN. DAG.	ÁR	KL.				
1778				Kjörvogshlíð!		1	
1816.	02. 01			Hjá Melum, Trékyllisvík (?)		1	
1849.	Þorralok			Við Geirmundarstaði			Tók fjárhús og drap fé
1873				Víða í Steingrímsfirði!			Drápu eitthvað af skepnum
1899.	04. 01			Reykjafjarðarhlíð		1	Gekk í sjó.
1900.	02			Steinadalshéiði!	3		Dráp 4 hesta.
1941.	03. 12			Við Bólstað, Steingrímsfirði			Dráp 156 fjár.
1948.	12. 12	18		Goðdalur	1	6	Tók bæinn, skemmdi fjós og hlöðu. Drap 2 nautgripi. b=135m, upptök 250m (við Svartaklett)
1968.	02. 04			Við Dranganes.			Tók 2 fjárhús og drap 59 fjár
1971.	03. 22	9		Við Munaðarnes			Tók 8 símastaura, skemmdi geymsluhús og jeppa. b=1000m, stöðvaðist skammt ofan við íbúðarhúsið
1973.	02. miður			Hjá Munaðarnesi.			

S T R A N D I RViðbótarupplýsingar:

Í bókinni "Skriðuföll og snjóflóð", öðru bindi, eftir Ólaf Jónsson má finna eftirfarandi undir ártalinu 1731:

"Hítardalsann. segir: "Á jóladagskveldið kom búandinn í Þrúðardal nálægt Felli í Kollafirði heim til sín með nokkra áburðarhesta, týndi um nóttina fiskaböggum af einum hestinum. Á annan dag jóla fór hann til kirkju, en kona hans og piltur fóru upp á fjall að leita eftir böggunum, komu þau eigi aftur, meintist, að hrapað hefðu fyrir björg eður orðið fyrir snjóflóði." Þrúðardalur er í Kollafirði í Strandasýslu. Erfitt er að verjast þeirri hugsun, að eitthvað hafi verið bogið við búandmann þann." (bls. 216).

Og undir ártalinu 1948:

"Ekki er kunnugt um, að snjóflóð hafi nokkru sinni fallið á Goðdal eða nærri honum, en þegar nýja húsið var reist, var það ekki byggt á gamla bæjarstæðinu heldur flutt á svokallaðan bólbala, en einhver munnmæli voru einnig að hann skyldi friðhelgur, en eigi virðist sú helgi hafa verið gömul, því að þarna munu hafa verið kúastæði og talsvert af gömlum rústum. Utar í dalnum hafði fallið mikið snjóflóð fyrir fáum árum, og sagnir eru um, að býlið Tungukot, neðarlega í dalnum, sem komið var í eyði fyrir nokkru, hefði tvívegis eyðst af snjóflóði. Jarðabókin 1706 segir, að fénaði sé hætt fyrir snjóflóðum í Goðdal, en snjóflóðahætta sé þó meiri í Tungukoti." (bls. 435-436).

Heimildir:

1. Ólafur Jónsson: Skriðuföll og snjóflóð. Norðri 1957.
2. Ólafur Jónsson og Sigurjón Rist: Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi. Jökull 21, 1971.
3. Sigurjón Rist: Snjóflóðaánnáll áráanna 1972-1975. Jökull 25, 1975.
4. Hafliði Helgi Jónsson: Snjóflóðaánnáll áráanna 1975-1980. Jökull 31, 1981.
5. Helgi Björnsson: Avalanche Activity in Iceland, Climatic Conditions, and Terrain Features. J. Glaciology. Vol. 26, No. 94, 1980.

16032754  
551.57848 Haf  
Hafliði Helgi Jónsson  
Snjóflóð á Vestfjörðum :